



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1954

Góðir Íslendingar!

Ég ávarpa yður að venju héðan frá skrifstofu minni á Bessastöðum, og er vel til fallið, að það er á fyrsta degi hins nýja óskráða árs, fremur en á síðasta degi hins liðna árs, sem horfið er í skaut aldanna.

Við hjónin þökkum fyrir gamla árið og óskum yður öllum, nær og fjær, á sjó og landi, gleðilegs og farsæls nýs árs.

Þetta er fyrsta heila árið, sem við höfum setið hér á Bessastöðum, og væri margs að minnast, sem ég tel þó réttara að bíði seinni tíma. Vísast þarf ekki skemmri tíma til að venjast nýju viðhorfi í þessari stöðu en öðrum, sem forsjónin leggur oss á herðar. Það sem okkur er skylt og einkar ljúft um þessi áramót er að færa yður innilegar þakkir fyrir traust og velvild í okkar vandasama og veglega embætti. Við höfum haft óblandna ánægju af gestakomum hér á staðnum; við finnum að hér koma allir með gleðibrag og í vinarhug. Við vonum, að það styrki einingu þjóðarinnar, þó í litlu sé. Við höfum einnig fengið tækifæri til að heimsækja á árinu nokkur héruð vestanlands, og hér í nágrenninu og þökkum öllum þeim, sem hafa veitt okkur ógleymanlegar viðtökur. Þær heimsóknir hafa aukið okkur styrk og trú í framhaldandi starfi. Í sumar lék allt í lyndi til lands og sjávar – ef síldinni er sleppt, og við höfðum ætlað okkur að gera víðreist. En þær áætlanir trufluðust af nokkuð langdreginni stjórnarmyndun.

Þess er nú fyrst að minnast, að á hinu liðna ári fóru fram almennar kosningar til Alþingis og síðan myndun nýrrar ríkisstjórnar. Aðdragandi kosninga er alltaf nokkuð langur og stjórnarmyndun var ekki lokið fyrir en um göngur. Mér þótti rétt, að hafa fremur hægt um mig og fara ekki víða meðan á því stóð. Það er venja í lýðræðislöndum, að á eftir kosningum og stjórnarmyndun komi kyrrlátur kafli, þegar ríkisstjórnin og lið hennar gengur að störfum, og stjórnarandstaðan bíður átektu um það, hvaða raun úrlausnir stjórnarliðsins gefa. Ef satt skal segja þá finnst mér þessi eftirkosninga fró og friður vera lítt áberandi að þessu sinni. En mun eiga rót sína til þess að rekja að enn er ólokið kosningum til bæjarstjórna, og látum það gott heita.

Ég vil þó, í sambandi við stjórn málaatburði síðasta árs, drepa á tvö atriði.

Fyrst það, að almenningur í landinu, mundi áreiðanlega fagna því, að kosningabaráttan sjálf standi ekki allt kjörtímabilið. En stundum hefir stappað nærri, að svo sé á voru landi. Það er jafnvel ekki gróði að því fyrir flokkana sjálfa, að brenna upp allt sitt eldsneyti í ótíma.

Ég minnst þess t.d. úr minni þingreynslu, að mikill eldur var eitt sinn kveiktur svo snemma, að hann var nær kulnaður, þegar að sjálfum kosningum kom. Veit ég að vísu að þingmenn verða að duga vel kjósendum sínum og málefnum líkt og goðarnir

forðum, þegar bændur gátu sagt sig úr þingi og í. En hitt veit ég líka, að almenningur vill fá að njóta dómgreindar sinnar og réttu upplýsinga, og að þau blöð myndu vinna mikið á, sem ynnu sér það álit, að þau gerðu sér sérstakt far um að flytja sannar innlendar stjórn málafréttir, hverjir sem í hlut eiga. Þetta er mikil nauðsyn, því hér á landi eru flest blöð flokkseign með nokkrum hætti. Sjálfur hinn flokkslegi áróður verður alltaf sunduleitur, og má þó flytja hann með ýmsum hætti. Það sem háir oss Íslendingum er návígið og stóryrðin, en múgsefjan einræðisaflanna hefir hér ekki jarðveg. Þetta fullyrði ég og vona, að allir geti tekið undir.

Hitt atriðið, sem ég vildi benda á, snertir sjálfa myndun ríkisstjórna. Kosningabaráttu mætti, eins og ég sagði, stytta, og afmarka að skaðlausu. Í þeirri baráttu rísa öldurnar hátt og tilfinningum er gefinn laus taumur, samúðin hitnar og óvild fer vaxandi. Þá eru hlaðin vígi, sem ekki hafa öll rétt á sér til frambúðar. Það leitast allir að sjálf sögðu við að afla þess fylgis sem málstaður og manndómur leyfir. En að kosningu lokinni er að vissu leyti *breytt viðhorf*. Þá eru úrslit og ef þingræðið á að halda í heiðri, verður að mynda ábyrgan þingmeirihluta, sem fer með stjórn landsins. Þetta vita allir kjósendur fyrirfram. Og ótti þingflokka er meir við sínar eigin fullyrðingar en heilbrigða skynsemi alls almennings í landinu. Að kosningu lokinni verða ekki gerðar meiri kröfur til þingflokka um stjórnarmyndun en sem nemur atkvæðaafla þeirra. Sterkara umboð hafa þeir ekki fengið frá þjóðinni. Í því þarf engin mótsögn að vera, þó kosningastefnuskrá sé viðtækari en samningur um stjórnarsamvinnu. Samvinna og málamiðlun liggur í eðli lýðræðisins, þegar ekki verður mynduð ríkisstjórn með öðrum hætti. Þess eru dæmin, þó erlend séu, jafnvel frá síðasta ári, að ekki er vanþörf á, að minna skýrt og skorinort á þessa stjórnarmyndunarskyldu, ef menn vilja varðveita lýðræði og þingræði. Ég hefi þráfaldlega orðið var þess ótta, sem íslenskur almenningur ber í brjósti, við langdregnar stjórnarmyndanir. Ekki vil ég þó taka undir það, að um yfirvofandi hættu sé að ræða með þjóð vorri. Það eru ýmis lífgrös í íslenskum jarðvegi, sem leggja má við þessa meinsemd.

En óttinn er skiljanlegur og ekki ástæðulaus, þegar vér lítum í kring um oss í umheiminum. Það er á því sem lýðræðið fellur, þegar ekki er hægt að mynda ábyrgar ríkisstjórnir. Ástæðurnar eru sjaldnast erfið viðfangsefni, sem engir þora að taka á. Til þess eru löng kjörtímabil, að þeir sem ábyrgðina taka á sig, fái tíma til að sýna árangurinn af sínum bjargráðum fyrir næstu kosningar. Nei, ástæðan er venjulega sú, að upp komi einræðisflokkar, sem líta á sig *eina* sem þjóðina, og vilja ekki hlýða lýðræðisreglum. Þá er ríkið klofnað, tvær þjóðir eða fleiri í sama landi, og lýðræðið bjargast síst úr þeim eldi.

Það ber nú svo einkennilega til, að íslenska þjóðin hefir að minsta kosti einu sinni komist í slíkan lífsháska og þó bjargast. Það var þegar heiðnir menn og kristnir drógu lið saman á Alþingi árið 1000. Sögðust flokkarnir úr lögum hvorir við aðra og kusu tvo lögsögumenn. Var þó leitað um sættir, og tók Þorgeir Ljósvetningagoði á sig þann vanda að segja upp *ein lög* fyrir báða. "Þykir mér það ráð," mælti Þorgeir, "að við látum þá eigi ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál milli þeirra, að hvorir tveggja hafi nokkuð til síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun og verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum einnig slíta friðinn".

Hér var mikill vandi leystur með miklum hyggindum og ágætri forystu, og mun það margra mál, að vér Íslendingar megum síst allra þjóða gera oss þá vansæmd, að slíta sundur lögin af litlu tilefni. Fyrir hálfri túndu öld var á Alþingi afstýrt borgarastyrjöld og borgið stjórnskipun og sjálfstæði landsins, því innanlandsstyrjöld og þarafleiðandi einræði mundi á skammri stundu hafa færst á erlendar hendur. Mun

svo jafnan verða, að einræði verður hér aldrei innlent til lengdar. Máske á engin þjóð meir undir því, að varðveita aldagamlan stjórnmalaproska og aðaldrætti núverandi stjórnskipulags en vér Íslendingar, og illa reynslu höfum vér af því, að framkvæmdavaldið sé veikt eða vafasamt.

Nú má ekki skilja orð mín svo, þó ég hafi lagt áherslu á samstarf og málamiðlun, að ég telji stjórnmalabaráttu skaðsamlega eða óþarfa, enda hefi ég ekki gefið tilefni til þess. Allt líf er samstarf – og barátta. Það er engin leið að ljúka lífsbaráttunni í einu átaki. Í stjórnmalum þarf hvorttveggja, aflið og mýktina. Það er eins og í íslenskri glímu. Það er ein sú mesta íþrótt hvernar þjóðar, að stjórna sjálfri sér. En eins og í glímunni vill það oft verða, að einn hafi aflið, og annar mýktina í ríkari mæli. Hvorugs má þó án vera, og getur þannig einn bætt annan upp í mannlegu félagi, en leikreglunum þurfa allir að hlíta. Það er fornt mat, að berskerkurinn nýtur aldrei óskertrar virðingar. Aflið og æðið hefur aldrei verið norræn hugsjón. Hjá hetjunum er aftur barátta- og bróðurhugurinn í jafnvægi – og það jafnvægi, eða réttara sagt hóf, á sér úr heiðni gott heiti sem er *drengskapur og í kristni: kærleikur*. Ef aflið, mýktin og hófið á sér nokkurn fulltrúa í íslenskri stjórnmalabaráttu síðari tíma, þá er það Jón Sigurðsson. Honum var ásköpuð elja bóndans, áræði sjómannsins og vitsmunir fræðimannsins, allt fellt í umgerð hins hófsama höfðingja. Með þessum skapsmunum vann hann að settu marki og leikreglur gat hann haldið, þó hann stæði í æfilangri baráttu – og ekki voru þá allir á eitt mál sáttir frekar en nú.

Ef vér lítum nú til baka á baráttu Jóns Sigurðssonar og hans samherja, þá finnst oss máske undrun sæta, hve markvís hún var. Öll þjóðin er *þeim nú* sammála. Hann er tákni baráttu vorrar og einingar. En ég tek þrásinnis eftir þessu saman; hve öldur stjórnmalanna eru fljótar að lægja, og þjóðin oft orðin sammála um það, sem barist var um af miklu offorsi fyrir fáum árum. Það er furðu algengt um útkljáð mál, að allir vildu Lilju kveðið hafa. Hið sögulega sjónarmið er mannbætandi í allri baráttu.

Það vill nú svo til, að hið nýbyrjaða ár, er ár margra minninga. Í ár verður hið endurreista lýðveldi tíu ára. Það er glæsileg minning um einhuga þjóð í lok langrar baráttu, og það er vel að lýðveldinu var valinn afmælisdagur Jóns Sigurðssonar. Vér höfum reynslu fyrir því, að slíkum dögum hættir til að ganga úr sér og víkja fyrir nýjum tilefnum. Réttilega var þetta sameinað, og verður ekki sundurskilið. Þessa tvígilda afmælis verður minnst að verðleikum 17. júní.

Eftir réttan mánuð er hálfra aldar afmæli íslenskrar heimastjórnar. Stjórnarráð Íslands var þá stofnsett í Reykjavík og hinn fyrsti íslenski ráðherra, tók við, með ábyrgð gagnvart Alþingi, og er það mörgum árum áður en þingræði var viðurkennt formlega bæði í Danmörku og Svíþjóð. Um Hannes Hafstein stóð jafnan stýrr, en þessara atburða mun þjóðin nú minnst sem einn maður.

Fyrir 80 árum fékk Ísland stjórnarskrá þá sem enn er í gildi í höfuðdráttum, og fjárforráð. Mætti minnst þess með heitstrengingum um að færa hina átræðu stjórnarskrá til samræmis við lýðveldisstofnunina við næstu kosningar hvað sem líður samkomulagi um aðrar breytingar.

Og á þessu ári er aldarafmæli hins algera verslunarfrelsis – og má um leið nefna 40 ára afmæli Eimskipafélags Íslands. Á saman hátt og dvínandi verslun og siglingar *Íslendinga sjálfra* áttu sinn þátt í lokabætti þjóðveldisins – á sama hátt verður það aldrei ofmetið, hve ríkan þátt vaxandi siglingar og frjáls verslun innlendra manna átti í stofnun lýðveldisins. Eftir Þjóðfundinn þótti ekki horfa byrlega um málefni Íslands, en þá segir Jón Sigurðsson í bréfi: "Miðnefndin verður að starfa, þó leynilega og með gætni ... en þó jafnframt ekki forsóma allt það, sem snertir hið daglega, praktiska og framför í því, og þá einkum verslunarmálið, því það er það fyrsta og aldrei fáum við

pólítískt frelsi fyrir en verslunin hefir verið laus nokkur ár." Þetta er ritað skömmu eftir, að allir fulltrúar Íslands voru reknir af fundi frá því að ræða málefni sín og réttindi. Þetta var líkt þeim ágæta manni, og ekki brást glöggskyggnin né hugurinn. Innan þriggja ára var svo rétturinn fenginn til alfrjálsrar verslunar. Allt hefur þetta bókstaflega ræst, nema hvað allt dróst lengur en vonir Jóns Sigurðssonar stóðu til. Hygg ég og að skilyrði hafi ekki verið fyrir alinnlendri verslun fyrir en innlendri bankastarfsemi óx fiskur um hrygg, og símasamband komst á við útlönd. Deilur hafa jafnan verið miklar og átök um verslunarmálin á hverju stigi, og er af því mikil saga – en þess eins skal hér getið, að alllangt er nú síðan segja mátti, að verslunararðurinn væri kyrrsettur í landinu sjálfu – en í því er hálfst sjálfstæðið svo ég nú noti orðtæki úr ævintýrum.

Læt ég svo útrætt um minningardaga. Hið sögulega samhengi verðum vér að varðveita þrátt fyrir allar stökkbreytingar. Margar þessar öldur, sem risu hátt á líðandi stund, eru nú mildar og mjúkar, þegar horft er aftur á bak þeirra. Og þegar oss finnst hafið ólga kringum vorn litla bát og hvítfyssandi holskeflur framundan, þá skulum vér minnast þess hvaða brimróður forfeðurnir máttu taka og komu þó skútunni heilli þangað, sem vor kynslóð tók við. Ætli vér hættem þá ekki að vorkenna sjálfum oss! Hví skyldi þjóðin alltaf eiga að vera í vondu skapi og hver nöldrandi við annan? Hér búum vér við góð kjör, sívaxandi afköst, vélakost og byrjandi stóriðju, arf langrar sögu, eina tungu og rótgróna menningu í frjálsu og fullvalda ríki. Nú reynir á oss sjálfa, hvort vér erum menn til að taka við þjóðarfinnum og skila honum með vöxtum til komandi kynslóða. Ég geri ekki lítið úr því, sem um er barist og samið, en fullyrði þó, að viðfangsefni verði leyst á lýðræðis- og þingræðislegan hátt, ef ekki brestur á bræðralagið. Áherslan er rík á frelsi og jafnræði, og þó mismunandi eftir því hver á heldur, en bræðralagið má ekki breyta hjá neinni þjóð, sem vill verða langlíf í landinu. Bræðralagið er sá þáttur þessarar þrenningar, sem engin lög verða sett um. Það er býsna mikilvert sumt, sem stendur fyrir utan valdsvið löggjafarinnar. Með almennum kosningarétti, málfrelsi, prentfrelsi og félagafrelsi, ætti örugglega að vera séð fyrir því, að vilji almennings nái fram að ganga. En þjóðin þarf þó að vera hæf til að meta þessi réttindi, fara vel með þau, og ganga til leiks án þess að meiðsli og mannskemmdir hljóti af. Það er bræðralag.

Góðir Íslendingar

Ég endurtek svo að lokum þakkar okkar hjónanna fyrir gamla árið, og væri oss þó öllum skyldast að þakka forsjóninni einstakt góðæri og mannheill. Að vísu mun sumstaðar auður stóll eða rúm, sem var skipað fyrir ári síðan, og enn hefur hafið tekið háan skatt, eins og oft vill verða hjá farmanna- og fiskiþjóð. Þann skatt greiða fáir fyrir marga, og minnir það þjóðina á skylduna gömlu, að gæta bróður síns. Þeir sem harnar hafa heimsótt eru ekki síður bænþækir en aðrir. Sá sem aldrei þakkar Guði, greiðir oftlega ekki öðrum þakkarskuldir. Lofgjörðin er nauðsynleg fyrir oss sjálf.

Ég endurtek einnig óskirnar um heill og farsæld á komandi ári. Ég óska þess að vonir okkar rætist á næsta sumri um að geta farið víða um byggðir, hitt margt manna og notið nátturunnar. Land vort er fagurt og lifandi, því fortíðin hefir dáið í fellin og ásana eins og sumir fornanna. Fortíðin lifir á sögustöðum og í örnefnum og hver sveit á sín ljóð og líkn fyrir þá, sem lifa. Þetta er nú mín áramótaósk.

En allar óskir vorar þurfa staðfestingar drottins Guðs alföður. Hann blessi Ísland, land og þjóð, á komandi ári.